

## OPINBER HEIMSÓKN SHIMONAR PERESAR UTANRÍKISRÁÐHERRA ÍSRAELS

# Mál Eðvalds Hinrikssonar ekki tekið upp

## Utanríkisráðherrann telur frekari gögn skorta í málinu

SHIMON Peres, utanríkisráðherra Ísraels, sagði eftir fund sinn með Davíð Oddssyni forsætisráðherra í gær, að æskilegt væri að auka viðskiptaleg tengsl Íslands og Ísraels. Ráðherrann tjáði forsætisráðherra og forseta Íslands að hann væri hjartsýnn á friðarhorfur fyrir botni Miðjarðarhafs. Hann tók ekki upp mál Eðvalds Hinrikssonar og segir að afla þurfi fleiri gagna í máli hans.

Flugvél Peresar lenti samkvæmt áætlun á Keflavíkflugvelli á öðrum tímanum eftir hádegjið. Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, og fleiri embættismenn tóku þar á móti honum. Peres var ekið rakleiðis á Hótel Sögu, þar sem hann hvíldist. Hann átti síðan fund með Vigdís Finnbogadóttur, forseta Íslands, og Davíð Oddssyni, forsætisráðherra, í stjórnarráðshúsinu.

### Hljár tilfinningar til Íslendinga

Í upphafi fundar þeirra Peresar bauð Davíð Oddsson ísraelska utanríkisráðherrann velkominn og sagðist fagna því að hann hefði haft tækifæri til að heimsækja Norðurlöndin. Peres sagði að Ísraelar bæru eingöngu hlýjar tilfinningar til Íslands. Síðasti ísraelski ráðherrann, sem hingað hefði komið í opinbera heimsókn, hefði verið David Ben Gurion forsætisráðherra, en hann sótti Ísland heim á sjöunda áratugnum. Í Ísrael minnstust menn enn þeirra hlýju viðtaka og góðu óska, sem fylgt hefðu honum heim. „Ég

finn fyrir hlýju Íslendinga,“ sagði Peres.

### Bjartsýnn á frið

Að fundinum með forsætisráðherra loknum, sagðist Peres telja að fundurinn hefði verið mjög gagnlegur. „Við ræddum einkum friðarhorfur í Mið-Austurlöndum og leiðir til að auka viðskipti Íslands og Ísraels. Hvað vináttu varðar, höfum við fullan skammt, en við vildum gjarnan bæta við hann með verzlunar- og efnahagstengslum. Bæði forsætisráðherrann og forsetinn sýndu mikinn áhuga á stöðu friðarviðræðnanna, og ég verð að segja að ég gaf í skyn að ég væri mjög bjartsýnn. Þau höfðu áhyggjur af því, hversu bjartsýnn ég væri.“

### Gögn skortir í máli Eðvalds

Aðspurður hvort mál Eðvalds Hinrikssonar hefði borið á góma, en Ísraelar hafa sakað hann um stríðsglæpi, sagði Peres: „Ég held ekki. Forsætisráðherra hefur þegar tilkynnt að verði nægjanleg gögn fyrir hendi í málinu, muni Íslendingar sjálfir grípa til nauðsynlegra aðgerða. Forseti Eistlands hefur

sagt að hann muni leggja ný gögn til rannsóknarinnar, sem enn hafa ekki borizt. Ég tók málið því ekki upp.“

— Hver er afstaða ísraelskra stjórnvalda til málsins?

„Afstaða ísraelsku ríkisstjórnarinnar er að refsa eigi stríðsglæpamönnum. Slíkt ber hins vegar að gera eftir réttláta dómsmeðferð. Það er dómara að ákveða. Menn verða að hafa sönnunargögn og sýna fram á sekt manna. Það er ekki hægt að ákæra mann nema hafa réttu sönnunargögnin, og um stundarsakir tel ég gögn skorta í málinu.“



Morgunblaðið/Árni Sæberg

### Fundað með forseta

SHIMON Peres og Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands áttu stuttan fund á skrifstofu forsetans.

# Um fimm hundruð manns mótmæltu komu Peresar

UM FIMM hundruð manns komu saman á útifundi á Lækjartorgi í gær, í tilefni af komu utanríkisráðherra Ísraels, Shimon Peres. Að loknum fundinum var Davíð Oddssyni forsætisráðherra afhent ályktun fundarins, sem samþykkt var samhljóða. Í henni var þess farið á leit við forsætisráðherra að hann krefðist þess af Peres að Ísrael færi að alþjóðalögum og samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Lögreglan í Reykjavík segir að fundurinn hafi í alla staði farið vel fram.

Árni R. Arnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, ávarpaði fundinn fyrstur. Hann fordæmdi sífurltekin mannréttindabrot ísraelskra stjórnvalda á íbúum Palestínu og lýsti yfir því að Palestínumenn ættu rétt á stofnun nýs sjálfstæðs ríkis. Benedikt Davíðsson, forseti ASÍ, sagði í ræðu sinni að aðfarir Ísraelsmanna í Palestínu vektu óhug um allan heim og að íslensk verkalyðshreyfing krefðist



Morgunblaðið/RAX

### Ályktun samþykkt

FUNDARMENN samþykktu samhljóða ályktun þar sem knúid er á um að Ísrael virði mannréttindi, alþjóðalög og samþykktir Sameinuðu þjóðanna.

Þess að mannréttindi væru virt. Kristín Ástgeirsdóttir, þingmaður Kvinnalistsans, stýrði fundinum og

Olga Guðrún Árnadóttir flutti ljóðið Slysaskot í Palestínu eftir Kristján frá Djúpálæk.

# Boðsgestir afþökkuðu kvöldverð með Peres

FULLTRÚAR stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi og Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður Sjálfstæðisflokksins afþökkuðu boð forsætisráðherra um að sitja kvöldverð til heiðurs Shimon Peres utanríkisráðherra Ísraels í gærkvöldi.

Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþýðubandalagsins, segist telja að þessi ákvörðun sín þarfnist ekki útskýringa. „Vandamálið við frekari útskýringar er það að maður verður að sýna gestgjafanum, sem er íslenska forsætisráðherraembættið, víska kurteisi. Með því að setja fram alvarlegar ásakningar í garð gestsins væri maður um leið að setja sök á gestgjafann,“ sagði Ólafur Ragnar Grímsson.

„Með fjarveru minni er ég að mótmæla mannréttindabrotum Ísraelsstjórnar á herteknu svæðunum ekki síst gagnvart börnum og unglungum en samkvæmt skýrslum Amnesty International hafa þeir drepið þar tugi barna og unglunga og auk þess hundsað margitrekadur og framsettar sam-

þykktir Sameinuðu þjóðanna,“ sagði Kristín Ástgeirsdóttir, þingmaður samtaka um Kvinnalista. Hún sagði að um væri að ræða sameiginlega ákvörðun þingflokks samtakanna sem einnig hefðu sent Peres bréf þar sem mannréttindabrotum Ísraelsmanna gagnvart Palestínumönnum hefði verið mótmælt og þeir hvattir til að samninga.

Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður Sjálfstæðisflokksins og meðlimur í utanríkismálanefnd alþingis afþakkaði einnig boðið og kvaðst í samtali við Morgunblaðið ekki telja ástæðu til að rökstyðja þá ákvörðun sína.

Morgunblaðið náði ekki tali af Steingrími Hermannssyni formanni Framsóknarflokksins í gær.

# Davíð Oddsson forsætisráðherra um heimsóknina Peres er hér á réttum tíma

DAVÍÐ Oddsson forsætisráðherra segist telja Shimon Peres heimsækja Norðurlöndin á réttum tíma. Hann hafi greinilega vilja til að vinna að friði í Mið-Austurlöndum.

„Samskipti Íslands og Ísraels hafa alla tíð verið mjög góð og farsæl,“ sagði Davíð eftir fundinn með Peres. „Eins og kunnugt er, kom það í hlut Íslands að leggja til í Sameinuðu þjóðunum í upphafi að Ísrael gengi inn í samtökin. Það hefur alltaf verið metið af hálfu Ísraels. Við ræddum aðallega um atburðina á svæðinu í kringum Ísrael, samningaviðræðurnar og líkurnar á friði. Eg fann mjög sterkan vilja hjá þessum manni til þess að vinna að því máli.“

### Kurteisleg mótmæli

Hann sagði að mótmælin á Lækjartorgi hefðu verið kurteisleg — þótt mótmælendur hefðu þúað á Peres, er hann gekk út úr Stjórnarráðinu. „Það er eðlilegt að menn haldi fram málstað, sem á sér marga formælendur og menn hafa skilning á. Það eru miklir erfiðleikar á þessu svæði og mikil átök milli trúarbragða, þjóða og ríkja,“ sagði Davíð.

Aðspurður um fullryðingar stjórnarandstöðunnar um að Peres sé hér gegn vilja meirihluta Alþingis, sagðist forsætisráðherra telja þær út í hött. Íslendingar væru í stjórnmalasambandi við Ísrael og tekið væri á

móti gestum þaðan, þótt stjórnarandstaðan hrykki af hjörum. „Hér á landi haga sumir sér með óskiljanlegum hætti, eins og stundum áður. Það eru engin slík viðbrögð frá öðrum

Norðurlöndum. Menn telja að utanríkisráðherrann og forsætisráðherrann fyrirverandi sé einmitt á ferð um Norðurlönd á réttum tíma,“ sagði forsætisráðherra.

# Dagskrá heimsóknarinnar lýkur í dag Blaðamannafundur á hvíldardeginum

DAGSKRÁ opinberrar heimsóknar Shimonar Peresar, utanríkisráðherra Ísraels, lýkur í dag þegar Peres heldur blaðamannafund á Þingvöllum klukkan 15. Athygli vekur að fundurinn, sem er eini liðurinn í dagskrá heimsóknar Peresar í dag, er haldinn á hvíldardegi gyðinga, sabbatdegnum, en á þeim degi leggja gyðingar nær undantekningalaust niður vinnu. Shimon Peres flýgur heim til Ísraels í fyrramálið.

Hvíldardagurinn hefst þegar sól sest að kvöldi föstudags og honum lýkur við sólarlag á laugardegi. Flestir gyðingar virða stranga helgi hvíldardagsins og þau boðorð spámannanna gamla testamentisins, sem um hann gilda. Í grófum dráttum leggst niður nær öll atvinnustarfsemi í Ísrael, engin viðskipti mega fara fram, kvikmyndahús, leikhús og opinberar stofnanir loka, lestir ganga ekki og allar opinberar samgöngur falla niður. Dagblöð koma aukinheldur ekki út og skipulagðir

skemmtigarðar loka þennan dag. Lög sabbatsins leyfa aftur á móti að gyðingar starfræki mannúðarstörf t.a.m. umönnun sjúkra og fátækra. Sjóvarps- og útvarpsstöðvar senda út dagskrá sína og loks má nefna að knattspyrnuleikir geta farið fram á hvíldardeginum. Hinn dæmigerði gyðingur dvelur í faðmi stórfjölskyldu sinnar á sabbatdegnum, heimsækir samkunduhúsið, synagoguna, eða bregður sér í stutt ferðalag með fjölskyldu sinni.



Morgunblaðið/Bjarni

### Veizla til heiðurs Peres

GESTIR í veizlu forsætisráðherra. Frá vinstri: Markús Örn Antonsen borgarstjóri, Halldór Blöndal samgöngu- og landbúnaðarráðherra, Shimon Peres og Ástríður Thorarensen eiginkona Davíðs Oddssonar.